

Lagt fyrir fund velferðarráðs 12. desember 2018

Tillaga fulltrúa Sósíalístaflókks Íslands um að tengja sérstakan húsnæðisstuðning við vísitölu leiguverðs.

Samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands sem voru birtar 21.11.2018, hækkaði vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu um 1,4% frá fyrri mánuði. Leiguverð hefur tekið miklum hækkunum að undanfögnu og síðastliðna þrjú mánuði hækkaði umrædd vísitala um 3,6% og síðastliðna 12 mánuði hækkaði hún um 9,6%. Því er lagt til að upphæð sérstaks húsnæðisstuðnings uppfærast mánaðarlega í samræmi við vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt Þjóðskrá.

Greinargerð:

Á síðastliðnum árum og mánuðum hefur leiguverð tekið miklum hækkunum. Samkvæmt nýjustu tölum Þjóðskrár Íslands um leiguverð íbúðarhúsnæðis frá því 21.11.2018, hækkaði vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu um 9,6% á síðastliðnum 12 mánuðum. Leiguverð hefur farið hækkandi á höfuðborgarsvæðinu, leigjendum til mikilla ama og greiða nú margir sífelld herra hlutfall af ráðstöfunartekjum sínum í leigu og því er mikilvægt að sérstakur húsnæðisstuðningur taki mið af hækkun vísitölu leiguverðs. Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur sem er ætlað til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur. Sérstökum húsnæðisstuðningi er því ætlað að koma til móts við þá einstaklinga eða fjölskyldur sem eru ekki á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði vegna lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna. Því er mikilvægt að sérstakur húsnæðisstuðningur sé tengdur vísitölu leiguverðs, svo að leigjendur í erfiðri fjárhagslegri stöðu séu ekki einir látnir standa undir hækkun leiguverðs.